

LAUGAR Í SÆLINGSDAL

GREINARGERÐ DEILISKIPULAGS



STEINSHOLT

18. apríl 2016. Breytt 26. ágúst 2016

Deiliskipulagstillagan var kynnt _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 4/5 2016 með athugasemdafresti
til 16/6 2016

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,
með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar
þann 21/6 2016 *



F.h. Dalabyggðar

Deiliskipulagstillagan öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda
þann 12. október 2016

* Samþykkt með breytingum
að teknu tilliti til eftirhugsemda
Skipulegssstofnunar og
byggsferrið 30. ágúst 2016

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulag á svæðinu, staðhættir og markmið	5
1.2	Kortagrunnar og deiliskipulagsgögn	6
1.3	Aðkoma að svæðinu.....	7
1.4	Fornminjar	7
2	LÝSING DEILISKIPULAGS	9
2.1	Frístundabyggð (F1 – F16)	9
2.2	Þjónustulóðir (Þ1 – Þ5)	9
2.3	Íbúðarlóðir (Í1 – Í5).....	11
2.4	Opin svæði, útivist og trjárækt.....	12
2.5	Tjaldsvæði og leiksvæði	12
2.6	Stígar og gönguleiðir	13
2.7	Vegir og bílastæði	13
2.8	Veitur.....	14
2.9	Hverfisverndarsvæði	14
3	BYGGINGARSKILMÁLAR	15
3.1	Hús á þjónustulóðum (Þ1-Þ5).....	15
3.2	Frístundahús	15
3.3	Íbúðarhús.....	16
3.4	Þjónustuhús á tjaldsvæði	16
4	UMHVERFISÁHRIF	16
5	BREYTINGAR AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU	17

1 INNGANGUR

Laugar í Sælingsdal í sveitarfélaginu Dalabyggð er fornfrægur sögustaður sem hefur upp á að bjóða fjölbreytt náttúrufar og landslag til náttúruskoðunar og útivistar. Jarðhiti er nýttur til húshitunar og auk þess til ánægju og heilsuræktar. Sundlaug er á svæðinu. Skipulagið tekur til Lauga í Sælingsdal (landnr. 137723) og Lauga (landnr. 137722).


1.1 SKIPULAG Á SVÆÐINU, STAÐHÆTTIR OG MARKMIÐ

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016, sem var staðfest í ágúst 2009. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir frístundabyggð norðan Myllulækjar við Lambhól og Lómatjörn. Á Laugum er enn fremur skilgreint stofnansvæði og tjaldsvæði ásamt verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagssvæðið er í hlíðum Laugafells í Sælingsdal. Svæðið er gróið en klettholt á milli. Skógrækt er á vestanverðu svæðinu og rennur Sælingsdalsá um austurmörk þess. Svæðið er skjólsælt og kjörið til útivistar.

Að Laugum var áður skóli, sem nú hefur verið breytt í hótél og skólabúðir, sem starfrækt eru allt árið. Á staðnum er einnig sundlaug, íþróttahús, tjaldsvæði, Byggðasafn Dalamanna og náttúrulaug (Guðrúnarlaug). Í dag er rekin alhliða ferðaþjónusta að Laugum allan ársins hring og eru uppi áform um að auka þá starfsemi enn frekar. Við skóla- og hótélbyggingar er lögð áhersla á aðgengi fyrir alla og góðar tengingar innan svæðis.

Stefna deiliskipulagsins er að efla svæðið sem eina heild og skapa áhugavert svæði sem virkar jafnt fyrir íbúa og ferðamenn, allt árið. Áhuga-verð göngu- og útivistarsvæði tengjast svæðinu og er lögð áhersla á góðar tengingar og greiðfæra göngustíga, bæði innan svæðisins og við nær-



Rauða línan sýnir afmörkun skipulagssvæðis fyrir Laugar í Sælingsdal.

umhverfið. Laugasvæðið er vel staðsett gagnvart umferð, er í námunda við aðalleið á Vestfirði og tengt hringleið um Strandir (Fellsströnd/Skarðsströnd). Svæðið liggur í fögrum fjallasal þar sem er fjöldi áhugaverðra gönguleiða.

Helstu markmið deiliskipulagsins eru þessi:

- Efla Laugasvæðið sem almennan ferðamannastað með því að skapa möguleika á aukinni starfsemi og uppbyggingu á svæðinu.
- Skapa möguleika á áhugaverðri frístundabyggð sem fellur að umhverfinu.
- Valda sem allra minnstri röskun á náttúrulegu umhverfi.
- Skapa sem besta aðstöðu til almennrar útivistar og náttúruskoðunar.
- Auka fjölbreytileika á svæðinu bæði í þjónustu og umhverfi.

1.2 KORTAGRUNNAR OG DEILISKIPULAGSGÖGN

Gögn deiliskipulagsins eru annars vegar skipulags- og byggingarskilmálar sem fram koma í þessari greinargerð og hins vegar skipulagsuppdrættir. Deiliskipulagið er unnið á grunni loftmynda frá Loftmyndum ehf og kortagrunna Dalabyggðar.

Byggingarskilmálar innihalda alla almenna þætti og forsendur skipulagsins. Skipulagsuppdráttur sýnir staðsetningar vega, tjaldsvæði, núverandi byggingar og bílastæði. Einnig lóðastærðir, lóðamörk, númer lóða og byggingareiti. Þá eru útivistarsvæði og gönguleiðir sýnd. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

- Yfirlitsuppdráttur af skipulagssvæðinu sem sýnir frístundabyggð, tjaldsvæðið, lóðir og umhverfi, í mkv. 1: 5.000.
- Deiliskipulagsuppdráttur fyrir svæðið í mkv. 1:2.000.

- Skýringaruppdráttur af svæðinu í mkv. 1: 1.000
- Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 í mkv. 1:100.000.

1.3 AÐKOMA AÐ SVÆÐINU

Aðkoma að svæðinu er af Vesturlandsvegi (nr. 60), um 20 km norðan Búardals og um Sælingsdalsveg (nr. 589).

1.4 FORNMINJAR

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Lauga í Dalabyggð fór fram í apríl 2003 og vorið 2016. Skráninguna annaðist Bjarni F. Einarsson hjá Fornleifafræðistofunni. Minjarnar eru auðkenndar á skipulagsuppdrætti með númerum, 1-13. Staðir nr. 6 og 7 er utan við skipulagssvæðið. Á svæði nr. 8 fundust fleiri en 20 fornleifar, allt mógrafir. Af minjunum sem um ræðir má nefna litla rúst norðan við Lómatjörn með talsvert verndargildi, vörður og vörðubrot á holtinu, ásamt mógröfum. Rannsóknaskýrsla var gerð af Guðmundi Ólafssyni 1999, *Leitin að týndu lauginni, Sælingsdalslaug*. Laugarinnar er getið í Laxdælu og Sturlungu og talið er að laugin hafi verið notuð sem almenn baðlaug frá fyrstu öldum fram á 19. öld. Um miðja 19. öld fellur skriða á laugina og í dag sést ekkert móta fyrir henni. Talið er að laugin sé neðarlega í Bæjargili, er líklegt svæði auðkennt (nr. 9) á skipulagsuppdrætti. Laugin hefur mikið varðveislugildi.

Bæjarstæði er á flötum hól um 200 m NA af íbúðarúsi og eru nokkur rými greinanleg ásamt grjóthleðslum og kálgarði. Svæðið hefur mikið varðveislugildi. Auðkennt nr. 10 á uppdrætti.

Merkt er rúst (nr. 11) sem gæti verið fjós og hlaða sem sést á túnakorti frá 1917. Varðveislugildi er lítið.

Nr.	Teg.	Fj.	Heimant	Hætt	Ástand	Aksh	Mingildi	Fróðst	Áðmerk?
1:1	Rúst	1	Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
2:1	Varða	1	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
3:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
4:1	Varða	1	Ábúð	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
5:1	Varða og gata	2	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
6:1	Kolagrafir	>2	Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
7:1	Rústir (bæjarstæði?)	2	Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
8:1	Mógrafir	>20	Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
8 staðir		>30 fornleifar							

Tafla yfir skráðar fornleifar á svæðinu (Heimild: Fornleifafræðistofan).

Við Lambhólslæk eru rústir húss sem var notað sem mylla (nr. 12). Veggir eru úr torfi og grjóti og garður og stífla sýnileg. Varðveislugildi er talsvert.

Þá eru merki um aðra myllu (nr. 13) við lækinn úr Hvergili. Þar sést rás eða skurður niður með læknum og grjótdreif neðst í rásinni. Einnig rúst og leifar af stíflu. Varðveislugildi er talsvert.

Engin þeirra minja sem er á svæðinu er talin í hættu vegna nýrra framkvæmda sem deiliskipulagið tekur til, enda tekur það mið af því að þeim verði ekki raskað á nokkurn hátt. Minjastaðir eru merktir á skipulagsuppráttinn.



Minjastaðir innan skipulagssvæðisins. Heimild: Fornleifafræðistofan 2003 og 2016.

2 LÝSING DEILSKIPULAGS

Hér á eftir er stutt lýsing á hverju svæði, s.s. byggingum, lóðum, aðkomu og nýtingu hvers svæðis.

2.1 FRÍSTUNDABYGGÐ (F1 – F16)

Gert er ráð fyrir frístundabyggð norðan og vestan við Lómatjörn á 16 lóðum; F1 - F16. Þegar hafa verið byggðir 3 bústaðir, á lóðum F6, F7 og F15. Lóðirnar eru á bilinu 0,3 - 0,9 ha.

Gert er ráð fyrir almennum bílastæðum á nokkrum stöðum við frístundasvæðið, þar sem þau tengjast gönguleiðum á opnum svæðum, þ.e. allt að 5 stæðum við slóða niður að Sælingsdalsá nyrst á svæðinu, allt að 7 stæðum við gönguleið að Lómatjörn. Einnig eru 6 sameiginleg bílastæði við lóðir F1 - F4 og 10 bílastæði við lóðir F5 - F10. Jafnframt er gert ráð fyrir bílastæðum innan hverrar lóðar.

2.2 ÞJÓNUSTULÓÐIR (Þ1 – Þ5)

Afmarkaðar eru lóðir fyrir skólabyggingarnar sem eru nýttar sem hótél, safn, skólabúðir o.fl. eins og hér er lýst:

Þ1– Íþróttahús og sundlaug. Á lóðinni eru íþróttamannvirki sem eru tengd Byggðasafni Dalamanna með tengibyggingu/gangi. Aðkoma að lóðinni er um lóð byggðasafnsins (Þ2) og kvöð er um aðkomuveg um lóð Þ2 að íþróttahúsi og sundlaug, eins og hann er sýndur á deiliskipulagsupprætti. Stærð núverandi mannvirkja er um 1.400 m² og lóðin er um 5.382 m². Á lóðinni eru 20 bílastæði, þar af eitt bílastæði fyrir hreyfihamlaða og eitt stæði fyrir rútur.



Frístundasvæðið og hús sem þegar eru byggð.



Á Laugum er; Laugaskóli, hótél, Byggðasafn Dalamanna, íþróttahús og sundlaug.

Þ2 – Skólabúðir og Byggðasafn Dalamanna. Á lóðinni er bygging sem áður var heimavist fyrir Laugaskóla. Hún er nýtt sem skólabúðir yfir vetrartímann og hótelið (Þ3) nýtir húsnæðið yfir sumartímann. Í kjallara skólahússins er Byggðasafn Dalamanna. Tvær aðkomur eru að lóðinni og er önnur milli hótelsins og íþróttamannvirkjanna og hin fyrir framan hótelið, í gengum lóð Þ3. Stærð núverandi mannvirkja er um 900 m² og lóðin er um 5.424 m². Á lóðinni eru 42 bílastæði, þar af þrjú stæði fyrir hreyfihamlaða.

Þ3 – Hótel. Á lóðinni er bygging sem áður var Laugaskóli og er þar hótélrekstur í dag. Aðal aðkoman er um Sælingsdalsveg. Hótelið er samtengt við skólabúðir og Byggðasafn Dalamanna sem eru á lóð Þ2. Lóð hótelsins er að hluta samnýtt með nærliggjandi lóðum og góðar tengingar eru á milli húsa með stígum og opnum svæðum. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum byggingarreitum, A og B.

Hótelbyggingin er um 700 m². Lóðin er um 4.597 m². Fyrir framan hótelið eru 3 rútustæði og 18 bílastæði, þar af tvö fyrir hreyfihamlaða.

Þ4 - Guðrúnarlaug. Árið 2009 var hlaðin upp ný endurgerð laug neðarlega í Hvergili og nefnist hún Guðrúnarlaug og er kennd við Guðrúnu Ósvífursdóttur. Laugin er hlaðin upp eins og menn ætla að hin forna Sælingsdalslaug hafið litið út. Einnig var byggð búningsaðstaða/baðhús í fornum stíl. Aðkoma að lauginni er um göngustíg sunnan lækjarins frá bílastæðinu fyrir framan hótelið. Aðgengi vegna þjónustu við laug er frá bílastæði við Laugarfell. Stærð baðhússins er um 15 m² og lóðin er um 725 m².



Þjónustulóðir og íbúðarlóðir.

2.3 ÍBÚÐARLÓÐIR (Í1 – Í5)

Fjórar íbúðarlóðir eru á svæðinu; ein er gamla Laugafell og þrjár eru íbúðarhús sem voru áður nýtt sem kennarabústaðir. Aðkoma að húsunum er frá Sælingsdalsvegi. Tvö bílastæði eru innan lóðar við hvert einbýlishús (Í1, Í2, Í3) og 6 bílastæði eru við Laugafell. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðarlóð Í5 þar sem heimilt verður að byggja raðhús á einni hæð. Lóðir Í1-Í3 eru afmarkaðar skv. lóðablaði sem dagsett er í sept. 2010.

Ekki er gert ráð fyrir frekari byggingum á lóðum Í1-Í4. Íbúðarlóðir eru eftirtaldar:

Í1 – Laugavellir (landnr. 218356), einbýlishús um 130 m² að stærð og lóð um 1.144 m².

Í2 – Laugasel (landnr. 218355), einbýlishús um 170 m² að stærð og lóð um 1.346 m².

Í3 – Laugaland (landnr. 218354), einbýlishús um 170 m² að stærð og lóð um 1.104 m².

Í4 – Laugafell (landnr. 137724), einbýlishús, var áður skólastjórabústaður. Stærð lóðar er um 798 m² og húsið er um 110 m² að stærð. Vegur að húsinu er eingöngu fyrir húsráðendur.

Í5 – Raðhúsaloð. Ný íbúðarlóð þar sem heimilt er að byggja raðhús. Stærð lóðar er um 2.713 m².



Guðrúnarlaug og búningsaðstaða/baðhús.



Íbúðarhúsið Laugafell er í forgrunni, einnig sést í einbýlishúsin Laugaland og Laugasel.


2.4 OPIN SVÆÐI, ÚTIVIST OG TRJÁRÆKT

Í deiliskipulaginu eru opin svæði sem eru ætluð til útivistar og trjáræktar. Um þessi svæði verða lagðir göngustígar eins og sýnt er á uppdrætti og einnig er gert ráð fyrir að halda áfram trjárækt. Æskilegt er að nota íslenskar trjátegundir, s.s. birki, reyni og víði. Opnu svæðin eru í góðum tengslum við núverandi byggð og fyrirhugaða frístundabyggð.

2.5 TJALDSVÆÐI OG LEIKSVÆÐI

Skilgreint er tjaldsvæði norðan megin við hótelið og er það í heild um 3 ha að stærð. Tjaldsvæðið skiptist í 3 hluta; svæði 1 er næst hótelinu og svæði 3 er fjærst. Óheimilt er að aka inn á svæði 1. Bílastæði eru staðsett miðsvæðis á svæðum 2 og 3. Snyrtingar / þjónustuhús eru staðsett miðsvæðis á svæði 2 og eru húsin vel tengd með göngustígum um svæðið.

Þá eru skilgreind tvö leiksvæði; á tjaldsvæði 2 og s.k. Lillulundur, sem er sunnan við skólann. Lundurinn er kenndur við Guðrúnu Aðalheiði Aðalsteinsdóttur frá Hofakri, en hún tók mikinn þátt í skólastarfinu á Laugum. Þessi leikvöllur er byggður upp sem náttúruleikvöllur og þrautabraut og er í góðum tengslum við göngustígakerfið á svæðinu.



Tjaldsvæðið og skipulag þess.

2.6 STÍGAR OG GÖNGULEIÐIR

Gert er ráð fyrir að nærumhverfi helstu bygginga á Laugasvæðinu sé aðgengilegt fyrir alla. Göngustígar frá bílastæðum og næst húsum verði með hörðu yfirborði

Almennar gönguleiðir eru auðkenndar á skipulagsuppdráttum. Almennt er reiknað með allt að 2 m breiðum malarbornum stígum. Yfir læki og votlendi er gert ráð fyrir einföldum trébrúm. Á skipulagsuppdráttum eru einnig auðkenndar til skýringar nokkrar gönguleiðir um svæðið og í nágrenni þess.

Stígar innan lóða á frístundasvæðinu, frá bílastæðum og að bústöðum, mega vera malarbornir, timburklæddir eða lagðir náttúrulegu grjóti. Áætlað er að byggð verði göngubrú á Sælingsdalsá sem tengir áætlaða gönguleið niður með Myllulæk (Lambhólslæk) við malarslóða meðfram austanverðri Sælingsdalsá. Einnig er reiknað með göngutengslum við byggingarnar að Laugum. Staðsetning allra stíga á deiliskipulagsuppdrætti er leiðbeinandi og þarf að aðlagja endanlega legu að aðstæðum og halla á landi. Stígar skulu vera í minnst tveggja metra fjarlægð frá fornminjum.

2.7 VEGIR OG BÍLASTÆÐI

Allir vegir innan svæðisins er auðkenndir á skipulagsuppdrætti. Um er að ræða allt að 5-6 m breiða vegi. Bílastæði er jafnan skilgreind innan lóða. Í frístundabyggðinni eru bílastæði ekki sýnd sértaklega innan lóðanna.



Tjaldsvæði 2 og aðkoma inn á það, snyrtingar eru miðsvæðis.



Leiksvæðið Lillulundur ásamt nánasta umhverfi.

2.8 VEITUR

Helstu veitur á svæðinu, og ákvæði um þær, eru þessar:

Vatnsveita. Skipulagssvæðið tengist vatnsveitu Lauga í dag. Framkvæmdir eru hafnar við tengingu Lauga við Svínadalsveitu.

Hitaveita er á Laugum og lögð verður hitaveita í frístundabyggðina ef framboð af heitu vatni reynist nægjanlegt. Lagnir munu að jafnaði liggja með vegum og stígum að einstökum lóðum. Lóð hitavatnsborholunar (I1) er norðan Guðrúnarlaugar og er 484 m² að stærð. Aðgengi að borholunni er um veg að Laugafelli.

Rafveita. Byggðin tengist veitukerfi RARIK neðan við frístundalóð F6 þar sem þegar hefur verið sett tengibox. Þaðan verður rafmagn leitt með vegum að einstökum lóðum.

Rotþrær. Sameiginleg rotþró er fyrir hótél, skólabúðir og íbúðarhús. Á frístundasvæði er gert ráð fyrir sameiginlegum rotþróum eftir því sem við verður komið, í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Lóðarhafar sjá um kostnað við frárennslislagnir og rotþrær. Frágangur og gerð rotþróa og frárennslislagna er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa og skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Tryggja skal aðgengi að rotþróum til tæmingar.

Sorphirða. Fer eftir reglum sveitarfélags hverju sinni.

2.9 HVERFISVERNDARSVÆÐI

Samkvæmt aðalskipulagi Dalabyggðar er gert ráð fyrir að hverfisverndarsvæðið á Laugum í Sælingsdal njóti vissrar sérstöðu og er því ætlað að gegna mikilvægu hlutverki sem ferðamannasvæði. Búið verði í haginn með



Borhola fyrir hitaveitu á lóð I1.

tjaldsvæðum, gönguleiðum, reiðleiðum o.fl. Ýmsar áhugaverðar reiðleiðir eru í næsta nágrenni svæðisins og unnið hefur verið að gerð gönguleiða. Í jaðri svæðisins er frístundasvæði sem nýtur góðs af nálægð við ferðamannasvæðið.

3 BYGGINGARSKILMÁLAR

3.1 HÚS Á ÞJÓNUSTULÓÐUM (Þ1-Þ5)

Á lóð Þ3 er hótél. Gert er ráð fyrir mögulegri stækkun þess um allt að 1.000 m² innan byggingarreita A og B. Hámarksshæð húss er allt að 10 m miðað við gólfplötu 1. hæðar.


- A: Heimilt er að byggja 3ja hæða þjónustuhús við aðkomu að hótelinu, þar sem gert er ráð fyrir geymslum, eldhúsi, matsal o.þ.h. og jafnvel herbergjum á einni hæðinni.
- B: Heimilt er að byggja gistiálmu á tveimur hæðum.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum byggingum á öðrum þjónustulóðum.

3.2 FRÍSTUNDAHÚS

Hús skulu standa innan skilgreinds byggingareits. Miða skal við að húsin falli vel að landslagi og verði sem minnst áberandi. Nákvæm staðsetning mannvirkja skal vera í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa. Stefna aðalmænis skal taka mið af núverandi skólabyggingum á Laugum, þ.e. í megindráttum N-S eða A-V, en jafnframt aðstæðum á hverri lóð fyrir sig. Að öðru leyti er þakform frjálst.

Hús geta verið á 1½ hæð (þ.e. með risi). Hús skulu vera í jarðlitum. Hámarksstærð frístundahúsa er 120 m² og heimilt er að vera með allt að



Uppdráttur af frístundabyggðinni.

35 m² geymslu/gestahús. Mesta hæð á mæni skal ekki fara yfir 6 metra frá meðalhæð jarðvegs umhverfis húsið.

3.3 ÍBÚÐARHÚS

Gert ráð fyrir nýrri lóð fyrir raðhús, Í5. Þar er heimilt að byggja 3-4 íbúða raðhús. Hver íbúð getur verið á bilinu 60-90 m². Mesta hæð á mæni getur verið allt að 6 m frá meðalhæð jarðvegs umhverfis húsið. Aðkoma að lóðinni verður austan við lóð Í4.

3.4 ÞJÓNUSTUHÚS Á TJALDSVÆÐI

Á tjaldsvæði 2 eru tvö þjónustuhús/snyrtingar sem eru samtals um 25 m². Gert er ráð fyrir nýju snyrtihúsi á tjaldsvæði 3 sem getur verið allt að 20 m².

4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulag Dalabyggðar gerir ráð fyrir að tekin verði frá svæði fyrir íbúðarlóðir þar sem eru góðir möguleikar á hitaveitu. Einkum er horft til Lauga í Sælingsdal. Stuðla skal að þjónustustarfsemi í dreifbýli, fjölgun atvinnutækifæra og að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu. Þá mun Dalabyggð hafa frumkvæði að því að bjóða upp á lóðir undir frístundabyggð.

Nú þegar er talsverð uppbygging á Laugum í Sælingsdal og er rekin þar öflug starfsemi, m.a. á sviði ferðaþjónustu. Frekari uppbygging kemur til með að breyta ásýnd svæðisins en skapar um leið ný tækifæri s.s. hvað varðar útivist, nýtingu jarðhita og fjölgun atvinnutækifæra. Það er niðurstaða sveitarstjórnar að deiliskipulagið falli vel að markmiðum í aðalskipulagi og að áhrif af frekari uppbyggingu séu jákvæð fyrir samfélagið.

5 BREYTINGAR AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU

Eftirtaldar breytingar voru gerðar að loknum auglýsingatíma:

- Fornleifafræðistofan hefur skráð minjar á skipulagssvæðinu og er gerð grein fyrir þeim í kafla 1.4 og þær sýndar á deiliskipulagsuppdraetti.
- Stígar skulu vera í minnst tveggja metra fjarlægð frá fornminjum.
- Felldur er út göngustígur frá Laugafelli að Guðrúnarlaug og Hveragili. Í staðinn verður göngutenging frá Guðrúnarlaug í Hveragil.
- Leitast skal við að gróðursetja íslenskar trjátegundir á svæðinu.
- Felld eru út 10 bílastæði á móts við frístundalóð F15.
- Rofin er vegtenging milli Laugavalla og frístundabyggðarinnar, en þar verður í staðinn gönguleið.
- Vegur að Laugafelli er skilgreindur sem einkavegur.
- Settar inn upplýsingar um að Laugar fái í framtíðinni vatn úr Svínadalsveitu.